



# Borgar sig að breyta rétt ?

- Um siðferði í viðskiptum

- Erindi á málþingi Samtaka atvinnulífsins, Verslunarráðs og Glímunnar um viðskiptasiðferði 11.jan. 2005

- Halldór Reynisson

# Umfjöllunarefnið

- Tapa menn á því að vera heiðarlegir í viðskiptum?
- Vinnur heiðarleiki og siðvitund gegn því markmiði fyrirtækja að skila sem mestum arði?
- Hver er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja í viðskiptaumhverfi sem virðist ýta undir samfélagsbreytingar ?

# “That Seventies Show”

- staðan fyrir 20 – 30 árum:

- Sterkt ríkisvald, hagstjórn með handafli
- “Brattgöngujafnvægi”
- Frumstætt markaðshagkerfi, pólitískar viðskiptablokkir
- Arður hét gróði, að græða næstum það sama og græðgi
- Siðferði einkamál
- Sukkað á bak við tjöldin? Í skjóli stjórn mála?

# Breytingaskeiðið fyrir 10 -12 árum

- Stóraukið markaðsfrelsi,
- Hlutfjármarkaður fyrir almenning
- Minnkandi hlutverk ríkisvalds, einkavæðing
- Þjóðarsátt, jafnvægi
- Útrás hefst
- Gróði varð að arði, 10% þótti mikið
- Lítið talað um siðferði, eftirlit, eða ábyrgð samfara frelsinu

# ...og staðan nú

- Gríðarleg uppsveifla eftir tímabundinn samdrátt
- Fyrirtæki orðin mjög áhrifamikil - hlutafé á færri hendur
- Útrás
- Arður upp á marga tugi af hundraði
- Hin ósýnilega hönd ekki óskeikul - Aukin áhersla á eftirlit
- Talað um siðferði og þörf á nýrri sátt
- Íslenskt samfélag hefur breyst hratt – ekki síst af völdum viðskipta

# Hlutverk siðferðis í viðskiptum dagsins í dag

- Er eitthvað á siðferði að græða?
- Er það ekki bara hamlá á aukna arðsemi?
- Eru siðferði og hámarksarðsemi ósættanlegar andstæður?
- Skoðum tengsl siðferðis og viðskipta aðeins nánar:

# Tengsl siðferðis og viðskipta

- **Siðferði er almennt.** Það nær til alls mannlegs atferlis – líka viðskipta!
- **Opinbert siðferði** – réttarríkið og lýðræðið forsenda frjáls markaðshagkerfis
- **Einstaklingssiðferði** – Traust er nauðsynlegt í öllum viðskiptum. Dýgðugur einstaklingur er traustur einstaklingur
- Og fyrirtækjasiðferði...

# Fyrirtækjasiðferði

- Vettvangur viðskiptasiðferðis dagsins í dag er fyrst og fremst **fyrirtækið**
- Rekstur þess byggir á þeim forsendum sem hér eru nefndar að framan
- En við getum líka talað um fyrirtækjasiðferði, þ.e. sérstök siðferðileg álitamál sem upp koma í rekstri fyrirtækja



# Hver eru markmið fyrirtækis?

- Friedman: markmið fyrirtækis – **eingöngu að skila arði!** Siðferðileg markmið eingöngu að fara að lögum – lágmarkssiðferði
- Aðrir segja markmið fyrirtækis sé vissulega að skila arði – en það hafi ýmis önnur markmið – **Samfélagsleg ábyrgð**

# Rætur samfélagsábyrgðar

- Fyrirtækið starfar ekki í tómarúmi – það sinnir ákveðnum þörfum samfélagsins sem réttlætir tilvistargrunn þess
- Fyrirtækin eru orðin gríðarlega valdamikil í samfélaginu og eru hvatar að samfélagsbreytingum
- Fleiri eigi hagsmuna að gæta en hluthafar/stjórnendur - “**stakeholders**”
- Hluthafar /stjórnendur hafa sjálfir siðgildi/ástæður sem hafa áhrif á fyrirtækin
- Frelsi fylgir ábyrgð!

# Íslensk fyrirtæki og samfélagsábyrgð

- Gagnrýni Morgunblaðsins: áhugaleysi um samfélagslega ábyrgð
- Fjármálaeftirlitið: Áhyggjur af óljósum eignatengslum
- Handstýring á ósýnilegu höndina: Aukin áhersla á eftirlit vegna tilhneigingar til fákeppni og samráðs
- Vantar sátt milli markmiða fyrirtækja og samfélagslegra markmiða

# Borgar sig þá að breyta rétt?

- Í bráð? – varla ef eina markmiðið er að “græða” – og skipta um kennitölu
- Í lengd? – ekki ólíklegt mælt í krónum og aurum:
  - Betri orðstír – almannatengsl
  - Aukin viðskiptavild
  - Minni starfsmannavelta
  - Meira traust!

# Borgar sig að breyta rétt?

- Mannlega talað (ekki í krónum og aurum)...
  - Betri líðan!
  - Betri samviska!